

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. mars 2014
Tilvísun: UST20140300240/bs

Efnisnáma í Seljadalsnámu í Mosfellsbæ - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Efni hefur verið unnið í umræddri námu frá árinu 1986. Núverandi náma er tæplega 5 ha að flatarmáli. Fyrirhugað er að taka að hámarki 60.000 m³ á næstu tveimur árum á um 1 ha svæði til viðbótar. Ráðgert er að ganga frá allri námunni að því loknu.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvort efnistöku verði endanlega lokið í Seljadalsnámu að tveimur árum liðnum eða hvort framhald verði á efnistökunni.


Efnistökuáætlun ætti að miðast við þessar forsendur. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um mismunandi valkosti varðandi frágang námunnar. Þessir valkosti gætu t.d. miðast við að efnistöku væri endanlega lokið að tveimur árum liðnum og gengið yrði frá allri námunni.


Annar valkostur gæti verði að framhald yrði á efnistöku að tveimur árum liðnum og gengið yrði frá eldri hluta námunnar, en núverandi vinnslusvæði væri áfram aðgengilegt.

Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um möguleika þess að hafa jarðfræðilega áhugaverð snið aðgengileg í námunni ef af endanlegum frágangi námunnar verður.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur